

ÚRSKURÐUR

áfrýjunarnefndar samkeppnismála

í máli nr. 2/2000

Eðalvörur ehf.

gegn

Samkeppnisstofnun

I.

Með bréfi, dags. 31. desember 1999, er barst áfrýjunarnefnd 3. janúar 2000, hefur Sigurður Þórðarson, fyrir hönd Eðalvara ehf., kært ákvörðun Samkeppnisstofnunar sem fram kemur í bréfi stofnunarinnar dags. 3. desember 1999.

Í ofangreindu bréfi Samkeppnisstofnunar kemur fram það álit að ágreiningur um samkomulag milli hans og Lyfju hf. heyri ekki undir samkeppnisyfirvöld. Jafnframt frábað stofnunin sér frekari erindi frá áfrýjanda vegna þessa máls.

Af kæru áfrýjanda má skilja að hann krefjist þess að ákvörðun samkeppnisráðs sem fram kemur í bréfi stofnunarinnar dags. 3. desember 1999 verði felld úr gildi og að stofnuninni verði gert að taka erindi hans til meðferðar.

Samkeppnisstofnun krefst þess aðallega að kæru áfrýjanda verði vísað frá áfrýjunarnefnd samkeppnismála. Til vara er þess krafist að sú ákvörðun stofnunarinnar að hafna að taka erindi áfrýjanda til meðferðar verði staðfest.

II.

Málavextir eru þeir að á árinu 1998 kom upp ágreiningur milli áfrýjanda og Lyfju hf. um kynningu og sölu á ginsengi. Í maí og júní 1998 bárust Samkeppnisstofnun kvartanir frá áfrýjanda vegna auglýsinga Lyfju hf. á ginsengi og notkunar á orðinu „eðal“ í því sambandi.

Samkomulag náðist með áfrýjanda og Lyfju hf. um fyrrgreint mál og var undirritað skriflegt samkomulag með þeim þann 28. ágúst 1998. Í samkomulaginu kom fram að áfrýjandi myndi draga til baka kvartanir á hendur

Lyfju hf. hvað snertir nafnið „eðal“ og auglýsingu Lyfju þess efnis að „rautt ginseng frá Gintec sé þrefalt sterkara.“

Með bréfi, dags. 4. desember 1998, barst erindi til Samkeppnisstofnunar frá Samtökum verslunarinnar þar sem þess er farið á leit að stofnunin taki til athugunar sölu, auglýsingar og kynningar fyrirtækjanna Lyfju hf. og Hagkaupa hf. á rauðu ginsengi frá Gintec.

Erindi Samtaka verslunarinnar var tekið til athugunar hjá Samkeppnisstofnun. Með bréfi, dags. 18. janúar 1999, tilkynnti stofnunin Samtökum verslunarinnar að ekki væri ástæða til athugasemda við markaðssetningu Lyfju hf. á rauðu ginsengi frá Gintec.

Með bréfi, dags. 5. september 1999, sendi áfrýjandi Samkeppnisstofnun afrit af bréfi sínu til Lyfju hf. þar sem m.a. kemur fram að áfrýjandi telji að Lyfja hf. hafi brotið samkomulag þeirra frá því í ágúst 1998. Þá kom fram að það væri álit áfrýjanda að Lyfja hf. hafi einungis gert umrætt samkomulag til að fresta meðferð máls þessa.

Í bréfi til áfrýjanda, dags. 7. september 1999, hélt Lyfja hf. því fram að fyrirtækið hefði staðið við fyrrgreint samkomulag við áfrýjanda.

Lyfja hf. hætti dreifingu á rauðu ginsengi frá Gintec þann 1. október 1999 en fyrirtækið Niko tók við umboðinu og dreifingu.

Með bréfi til Samkeppnisstofnunar, dags. 18. nóvember 1999, benti áfrýjandi á að „Rautt Eðal Ginseng“ væri nú skrásett vörumerki og ætti áfrýjandi því lögvarðra hagsmuna að gæta af því að merkið væri ekki notað af Lyfju hf. til að selja rótarenda. Þá kvað áfrýjandi nýleg dæmi vera um þá ólögmætu háttsemi sem hann hafi áður lýst þó nýr aðili hafi tekið við sölu á umræddri vöru.

Með bréfi til Samkeppnisstofnunar, dags. 30. nóvember 1999, sendi áfrýjandi kassakvittun fyrir rauðu ginsengi frá Gintec, dags. 29. október 1999, og fór fram á að upplýst yrði hvort Samkeppnisstofnun hygðist grípa til einhverra aðgerða vegna málsins.

Með bréfi, dags. 3. desember 1999, svaraði Samkeppnisstofnun bréfum áfrýjanda frá 5. september, 18. og 30. nóvember 1999. Í bréfinu segir m.a.:

„Samkeppnisstofnun hefur ítrekað þurft að benda Eðalvörum á að fyrirtækið gerði samkomulag við Lyfju um Rautt ginseng frá Gintec, dags. 28. ágúst 1998. Ágreiningur um hvort fyrirtækin sem að samkomulaginu stóðu hafi staðið við það eða ekki heyrir ekki undir samkeppnisyfirvöld.“

Mál þetta var flutt skriflega fyrir áfrýjunarnefnd samkeppnismála.

III.

Áfrýjandi kveður að samkomulag það sem hann hafi gert við Lyfju hf. í ágúst 1998 hafi verið gert fyrir milligöngu og áeggjan Samkeppnisstofnunar. Hann kveður samkomulagið hafa falið í sér að áfrýjandi drægi til baka kærur á hendur Lyfju hf. vegna brota sem átt hefðu sér stað fyrir þann tíma. Samkomulagið hafi ekki varðað hugsanleg brot Lyfju hf. í framtíðinni.

Áfrýjandi kveður markaðssetningu Lyfju hf. á svokölluðum úrgangsendum sem sérvöldum gæðarótum er séu þrisvar sinnum sterkari en rautt eðalginseng, hafa verið ranga og óheiðarlega, gagnvart sér, öðrum viðskiptaaðilum og neytendum.

Áfrýjandi kveðst hafa leitað til Samkeppnisstofnunar til að reyna að fá Lyfju hf. til að fara að samkeppnislögum þrátt fyrir samkomulag þeirra, en ekki vegna samkomulagsins. Vandinn sé sá að Samkeppnisstofnun sé að reyna að framfylgja hluta af samningi þessum.

Að mati áfrýjanda breytir það engu þótt nýr aðili hafi tekið við sölu og dreifingu á þeirri vöru sem mál þetta snýst um. Nýleg dæmi séu um að umrædd vara merkt Lyfju hf. sé á boðstólum í verslunum, sbr. kassakvittun fyrir rauðu ginsengi frá Gintec, dags. 29. október 1999.

Kröfu sína um frávísun máls þessa byggir samkeppnisráð á því að Lyfja hf. hafi hætt innflutningi og sölu á ginsengi. Áfrýjandi hafi því ekki lögvarða hagsmuni af því að fjallað sé um erindi hans sem varðar meintar aðgerðir Lyfju hf. á ginsengmarkaði.

Þá telur Samkeppnisstofnun kæru áfrýjanda of seint framkomna. Í desember 1998 hafi Samtök verslunarinnar sent erindi fyrir hönd áfrýjanda til Samkeppnisstofnunar vegna sölu Lyfju hf. á rauðu eðal ginsengi. Samtökin hafi unað niðurstöðu Samkeppnisstofnunar sem fram kom í bréfi dags. 18. janúar 1999. Erindi áfrýjanda í þessu máli sé að efni til hið sama og í fyrrgreindu máli og að ekki sé heimilt að fara fram hjá kærufrestum samkeppnislaga með því að bera efnislega sama erindi aftur undir samkeppnisyfirvöld.

Ennfremur telur Samkeppnisstofnun að erindi áfrýjanda hafi ekki uppfyllt lágmarksskilyrði um rökstuðning og því beri að vísa málinu frá.

Til stuðnings varakröfu sinni bendir Samkeppnisstofnun á að skv. 10. gr. reglna nr. 672/1994 um málsmeðferð samkeppnisyfirvalda geti

samkeppnisyfirvöld metið hvort erindi fullnægi lagaskilyrðum til að hljóta nánari meðferð. Þegar gögn þessa máls séu virt telji Samkeppnisstofnun að sú ákvörðun að hafna að taka erindi áfrýjanda til frekari meðferðar sé að öllu leyti lögmæt. Að mati Samkeppnisstofnunar snýst kvörtun áfrýjanda fyrst og fremst um hvort samkomulag hans og Lyfju hf. hafi verið haldið. Ágreiningur um það heyri ekki undir samkeppnisyfirvöld.

Þá telur Samkeppnisstofnun ekkert gefa til kynna í málinu um að samkeppnislög hafi verið brotin. Bent er á að Lyfja hf. hafi hætt að nota orðið „eðal“ við sölu á ginsengi eftir að samkomulag var gert við áfrýjanda. Samkeppnisstofnun vekur athygli á því að Lyfja hf. hafi upplýst að ginseng með því lotunúmeri sem kemur fram á kassakvittun þeirri er áfrýjandi hefur lagt fram, sé hluti af gömlum birgðum sem settar hafi verið á markað áður en umrætt samkomulag var gert.

Í greinargerð áfrýjanda er m.a. bent á að Samtök verslunarinnar sé sjálfstæður aðili að lögum og þar með annar aðili en áfrýjandi.

Áfrýjandi bendir á að Samkeppnisstofnun sé sammála honum í því að umrætt samkomulag frá ágúst 1998 hafi ekki verið brotið. Engu að síður reyni stofnunin að sýna fram á að Lyfja hf. hafi staðið við samninginn.

IV.

Niðurstöður.

Áfrýjandi lagði erindi sitt þannig fyrir Samkeppnisstofnun að þess væri farið á leit að hún fjallaði um málið á grundvelli þess að Lyfja hf. hefði eigi staðið við umrætt samkomulag sitt við áfrýjanda. Meðal annars af þeirri ástæðu gaf erindið því ekki tilefni til frekari rannsóknar en fram fór.

Að virtum þeim gögnum, er fyrir liggja í málinu, og með vísun til þeirra röksemda, sem Samkeppnisstofnun hefur sett fram í greinargerð sinni til nefndarinnar, fellst nefndin á þá ákvörðun stofnunarinnar, sem fram kemur í bréfi hennar til áfrýjanda frá 3. desember 1999.

V.

Úrskurðarorð.

Ákvörðun Samkeppnisstofnunar sem fram kemur í bréfi stofnunarinnar, dags. 3. desember 1999, skal standa óhögguð.

Reykjavík, 22. febrúar 2000

Páll Sigurðsson

Anna Kristín Traustadóttir

Erla S. Árnadóttir